

Bráðabirgðalög

Nr. 21
31. maí

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegri skýrslu stjórnarráðs Íslands um, að nauðsynlegt sje til þess að tryggja hagkvæma sölu íslenskra hrossa á erlendum markaði og til þess að draga úr erfiðleikum við flutning hrossa til útlanda vegna ónógs skipakosts, að ríkisstjórnin hafi heimild til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra, verðum Vjer að telja það býna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 6. gr. stórnarskipunarlaga 19. júní 1915. Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra á yfirstandandi ári.

Ríkisstjórnin getur sett með reglugjörð eða reglugjörðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

Nr. 21
31. maí

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 31. maí. 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.